



---

Svarvélur og svarhólf – kveðjum breytt

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	- 1 -
Nokkur atriði sem þarf að hafa í huga .....	- 2 -
Kveðju breytt á svarvél.....	- 2 -
Kveðju breytt á svarhólfí Símvistar .....	- 3 -
Kveðju breytt á 878 svarhólfí .....	- 4 -

## Nokkur atriði sem þarf að hafa í huga

Það eru tvær tegundir af svarhólfum, annað er innbyggt í Símvastina og hitt er í öðru kerfi, svokölluðu 878 kerfi. 878 kerfið er svarhólf sem byrjar á símanúmerinu 878. Til að geta lesið inn á svarhólf og svarvélar í Símvastinni þarf að vita 2 númer, annars vegar símagáttarnúmerið og hins vegar númer svarvélar eða svarhólfs. Séu þessi númer ekki kunn þarf að fá upplýsingar um þau hjá kerfisstjóra eða hjá tæknimanni Símvastar í síma 800 4000. Stærsti munurinn á 878 svarhólfi og svarhólfi í Símvast er að eingöngu er hægt að setja inn kveðjur í 878 hólfuð með því að hringja í það en í svarhólf Símvastar er bæði hægt að hringja inn og hlaða inn tilbúnum hljóðskráum.

## Kveðju breytt á svarvél

Hringt er í símagáttarnúmerið 9999. Sé hringt utan kerfis og númerið ekki vitað þá þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvastar í síma 800 4000.

Þegar símagáttin svarar velurðu \*. Þetta er gert til að fara út úr eigin talhólfi og inn í símagáttina. Nú áttu að slá inn talhólfsnúmer, sláðu inn 9999#. Sláðu inn lykilorð, sjálfgefið lykilorð er 1234#. Ef það virkar ekki þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvastar. Ef gamla lykilorðið er útrunnið getur þurft að slá inn nýtt lykilorð. Þá er slegið inn nýtt lykilorð og það staðfest með #.

Veldu 1 til að breyta svarvélakveðju. Ef það er bara ein svarvél í kerfinu geturðu farið beint í að tala inn kveðju. Ef það eru fleiri en ein svarvél þarftu að slá inn stuttnúmer svarvélar.

Veldu 1 til að breyta kveðju á opnunartíma, 2 til að breyta kveðju utan opnunartíma og, ef verið að nota svarvél með undirvali velurðu 3 til að breyta frídagakveðju. ATH að þessi möguleiki er ekki til staðar í öllum svarvélum.

Veldu 1 til að taka upp nýja kveðju eða 2 til að hlusta á núverandi kveðju.

Veldu 1 og lestu inn nýja kveðju á eftir hljóðmerkinu. Upptöku er lokið með því að velja #.

*ATH ef þú velur 3 fyrir sjálfgefna kveðju, þá mun kerfislæga kveðjan verða virk og sú kveðja sem var tekin upp hverfa. Eina leiðin til að gera kveðjuna sem tekin var upp virka, er að gera það í gegnum kerfisstjóraviðmótið. Farið því varlega í að velja 3 fyrir sjálfgefna kveðju (sjá kerfisstjórabækling).*

## Kveðju breytt á svarhólfi Símvistar

Hringt er í símagáttarnúmerið 9999. Sé hringt utan kerfis og númerið ekki vitað þá þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í síma 800 4000.

Þegar símagáttin svarar velurðu \*. Þetta er gert til að fara út úr eigin talhólfi og inn í símagáttina. Nú áttu að slá inn talhólfsnúmer. Sláðu inn stuttnúmer svarhólfs og #. Sláðu inn lykilorð, sjálfgefið lykilorð er 1234#. Ef það virkar ekki þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar. Ef gamla lykilorðið er útrunnið getur þurft að slá inn nýtt lykilorð. Þá er slegið inn nýtt lykilorð og það staðfest með #.

Það þarf að fara í gegnum ákveðnar stillingar áður en lesin er inn kveðja á svarhólfið í fyrsta sinn. Lesa þarf inn nafn og breyta lykilorði. Það þarf ekki að fara í gegnum þessar stillingar ef kveðjan hefur verið lesin inn áður.

### *Svarhólf gert tilbúið*

Ef kveðja hefur aldrei verið lesin inn áður mun talgáttin láta þig vita með „*Lykilorði þarf að breyta og hljóðrita þarf nafn þitt áður en símagáttin er notuð*“

Núna áttu að slá inn nýtt lykilorð. Veldu eitthvað 4 stafa lykilorð, það má nota það gamla aftur en ekki sama númer og stuttnúmer svarhólfs. Lykilorðið er staðfest með #. Endurtaktu lykilorðið. Nú er óskað eftir að þú hljóðritir nafn, þetta nafn skiptir yfirleitt ekki máli og má vera hvað sem er. Þetta nafn er eingöngu notað ef það er engin kveðja hljóðrituð á svarhólfið, en ekki er mælt með því. Hljóðritaðu núna nafnið á eftir hljóðmerkinu. Hljóðritun er stöðvuð með #. Síðan þarf að vista nafnið með því að ýta á \*.

### *Kveðja lesin inn í svarhólf.*

Ef búið er að setja svarhólfið upp fyrir notkun þá er hægt að lesa inn kveðju. Tengst er svarhólfinu eins og lýst er hér að ofan.

Veldu 1 til að fá aðgang að svarhólfinu. Nú velurðu 3, en það er sú kveðja sem svarhólfið notar. Veldu 1 til að lesa inn nýja kveðju eða 2 til að hlusta á núverandi kveðju. Veldu 1 og lestu inn nýja kveðju á eftir hljóðmerkinu. Upptöku er lokið með því að velja #. Ekki þarf að vista kveðjuna og svarhólfið er nú tilbúið.

Til að hlusta á kveðju sem tekin var upp velurðu 2. Þú getur valið 1 til að taka upp aftur.

Það er alltaf hægt að hringja í svarhólfið beint til að hlusta á kveðju.

## Kveðju breytt á 878 svarhólfi

---

Ólíkt svarhólfi Símvistar þá þarf ekki að setja þetta svarhólf upp í byrjun og ekki þarf að hringja í talgátt. Hringt er beint í númer svarhólfs. Meðan þú heyrir núverandi kveðju ýtirðu á # til að komast í stillingar. Núna áttu að slá inn lykilorð, sjálfgefið lykilorð er 9999. Ef það virkar ekki þá þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar.

### *Kveðja lesin inn í svarhólf.*

Veldu 3 til að taka upp nýja kveðju. Nú er lesin upp núverandi kveðja. Til að lesa inn nýja kveðju velurðu 1, til að eyða núverandi kveðju velurðu 2 og til að halda núverandi kveðju velurðu \*.

Veldu 1 og lestu inn nýja kveðju á eftir hljóðmerkinu. Upptöku er lokið með því að velja #. Nú er kveðjan lesin upp, kveðjan er staðfest með því að velja # og ef þú vilt taka upp aftur velurðu 1. Eftir að kveðja hefur verið staðfest þá má leggja á.

Það er alltaf hægt að hringja í svarhólfið beint til að hlusta á kveðju.